



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Sóttvarnalæknir

# FARSÓTTAFRÉTTIR

3. árg. 7.– 8. tölublað. Júlí – ágúst 2007.

## EFNI:

Berklar á Íslandi 2007 **1**

Árleg influensu- bólusetning veterinn 2007–2008 **2**

### Ritstjórn

Haraldur Briem sóttvarnalæknir, ábm.

Ása St. Atladóttir  
Brynja Laxdal  
Guðrún Sigmundsdóttir  
Sigurlaug Hauksdóttir  
Þórolfur Guðnason

### Ritstjóri

Jónína M. Guðnadóttir

## LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

### SÓTTVARNALÆKNIR

Austurströnd 5  
170 Seltjarnarnes  
Sími: 510 1900  
Bréfasími: 510 1920

Netfang: [mottaka@landlaeknir.is](mailto:mottaka@landlaeknir.is)  
Veffang: [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildar getið.

## BERKLAR Á ÍSLANDI 2007

Það sem af er þessu ári hafa þrjú einstaklingar greinst með berkla á Íslandi. Í tveimur tilvikum þótti ástæða til að gangast fyrir allumfangsmikilli rannsókn til að rekja hugsanlegt smit. Á myndinni neðst á síðunni sést fjöldi þeirra sem greinst hafa með berkla hér á landi undanfarin ár.

### Smit af innlendum uppruna

Í maímánuði sl. greindust smitandi berklar hjá 84 ára gömlum vistmanni á elliheimili norður í landi. Í kjölfarið voru alls 157 manns sem höfðu haft samskipti við sjúklinginn rannsakaðir með tilliti til smits. Rannsakaðir voru 93 heilbrigðisstarfsmenn, 39 aðstandendur og 25 vistmenn. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að enginn þeirra hafi smitast af berklum.

Umrætt berklatilfelli er dæmigert fyrir berkla meðal Íslendinga nú á dögum. Berklafaraldurinn á Íslandi geisaði hér á landi á fyrri hluta 20. aldar og náði hámarki á 4. áratug aldarinnar (sjá Farsóttufréttir, desember 2006). Um það bil einn af hverjum 10 sem smitast af berklabakteríunni veikist. Þeir sem ekki veikjast geta borið smit um langan tíma. Þegar ónæmiskerfið veikist með háum aldri geta berklarnir brotist fram og valdið veikni eins og ætla má að gerst hafi í þessu tilviki.

### Viðamikil rannsókn á Austurlandi


Hitt atvikið snerti erlendan starfsmann við Kárahnjúkavirkjun. Í kjölfarið hófst rannsókn á 159 starfsmönnum á svæðinu sem höfðu haft samskipti við

sjúklinginn. Rannsóknin stendur enn yfir og er lokið rannsókn á 68 starfsmönnum, en enginn þeirra er talinn hafa smitast frá sjúklingnum. Þó reyndust fimm þeirra með jákvætt berklapróf en voru ekki með lungnaberkla. Við slíku má búast því að víða erlendis er bólusett gegn berklum eða fólk kemst í snertingu við berklabakteríu þar sem sjúkdómurinn er landlægur.

Rannsókn stendur enn yfir á hinum starfsmönnum, sem enn eru á landinu. Þá stendur einnig yfir rannsókn á starfsmönnum á Fjórðungssjúkrahúsinu á Neskaupstað (FSN) þar sem sjúklingurinn dvaldist í upphafi veikindanna. Enn sem komið er hefur ekki verið sýnt fram á að smit frá sjúklingnum hafi átt sér stað þar.

Starfsmaðurinn á Kárahnjúkum sem greindist með berkla kemur frá ríki Evrópska efnahagssvæðisins og þurfti því ekki að leggja fram heilbrigðisvottorð vegna tímabundins dvalar- og atvinnuleysis við komu sína hingað til lands. Atvikið sýnir að góð heilbrigðisþjónusta í landinu er mikilvæg til þess að uppgötva varasama smit-sjúkdóma eins skjótt og einkenni gera vart við sig.

Framhald bls. 2



*Um það bil einn af hverjum 10 sem smitast af berklabakteríunni veikist. Þeir sem ekki veikjast geta borið smit um langan tíma.*

*Starfsmaðurinn á Kárahnjúkum sem greindist með berkla kemur frá EES-ríki og þurfti því ekki að leggja fram heilbrigðisvottorð við komu sína hingað til lands.*

Þórir V. Þórisson, yfirlæknir á Heilsugæslustöð Akureyrar og sóttvarnalæknir Norðurlands, annaðist rannsóknina á elliheimilinu og Pétur Heimisson, yfirlæknir á heilsugæslu Egilsstaða, hefur umsjón með rannsókninni á Kárahnjúkum Haft var samráð við Þorstein

Blöndal, yfirlækni á Miðstöð sóttvarna á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, fyrir hönd sóttvarnalæknis. Björn Magnússon, yfirlæknir á FSN, hefur umsjón með rannsókn starfsmanna sjúkrahússins.

## ÁRLEG INFLÚENSUBÓLUSETNING VETURINN 2007 TIL 2008. BREYTT FYRIRKOMULAG

Sóttvarnalæknir hefur með stöð í reglugerð nr. 221/2001 boðið út kaup á influensubóluefnum til nota fyrir influensutímabilið 2007–2008. Samið var um kaup á 60.000 skömmtum af bóluefnunum Fluarix® (GlaxoSmith Kline) og Vaxigrip® (Sanofi Pasteur).

Heilbrigðisstofnanir eða aðrir þar til bærir aðilar geta keypt bóluefni hjá Parlogis hf sem annast dreifingu þeirra. Afhending er ókeypis frá seljanda til kaupenda á höfuðborgarsvæðinu, (þ.m.t. í Kópavogi, Hafnarfirði, Mosfellsbæ, Garðabæ, Álftanesi og Sel-tjarnarnesi) og á pósthús eða viðeigandi flutningamiðstöðvar til kaupenda utan fyrrgreinds svæðis. Almennt skal seljandi afhenda vöruna samdægurs eða eigi síðar en næsta virka dag eftir að hann fær pöntun.

### Ókeypis bóluefni fyrir skilgreinda hópa

Þeir sem eru 60 ára og eldri eða eru í skilgreindum áhættuhópum fá bóluefnið sér að kostnaðarlausu. Heilbrigðisstofnunum er heimilt að taka komugjald vegna bólusetninga í samræmi við gjaldskrá ráðuneytisins samkvæmt auglýsingu.

Heilbrigðisstofnanir og aðrir þar til bærir aðilar geta endurheimt kostnað vegna bóluefnanna hjá sóttvarnalækni vegna bólusetninga á þeim sem eru 60 ára og eldri eða tilheyra sérstökum áhættuhópum gegn því að skila skýrslu með kennitölum hinna bólusettu og sjúkdómsástæðu þeirra sem tilheyra sérstökum áhættuhópum.



Með þessu fyrirkomulagi er unnið að því að tryggja aðgang Íslendinga að árlegu influensubóluefni eftir því sem unnt er. Um er að ræða 15% aukningu á magni bóluefna miðað við undanfarin ár. Vonast er til að með þessu takist að auka hlutfall bólusettra, þ.e.a.s. þekjun bólusetninganna, meðal 60 ára og eldri og sérstakra áhættuhópa.

\* \* \* \* \*